

# *Aðalfundur Blakdeildar Hamars*

*9. feb. 2012, kl. 20.00*

## *í íþróttahúsinu*

Dagskrá aðalfunda deilda skal vera sem hér segir:

1. Formaður deildarinnar setur fundinn.
2. Kosnir fundarstjóri og fundarritari.
3. Formaður leggur fram ársskýrslu deildarinnar
4. Gjaldkeri leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga, sem síðan eru bornir undir atkvæði.
5. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til afgreiðslu.
6. Stjórnarkjör:
  - a. Kosinn formaður.
  - b. Kosnir meðstjórnendur
7. Önnur mál.

### ***13. grein.***

Aðalfundir deilda félagsins skulu vera haldnir eigi síðar en 15. febrúar fyrir liðið starfsár.

Atkvæðisrétt á aðalfundi deildar hafa allir félagar/iðkendur deildarinnar, enda hafi þeir greitt öll lögboðin gjöld. Kjörgengir eru þó aðeins félagar deildarinnar sem náð hafa 15 ára aldri, nema til formanns og gjaldkera verða þeir að vera 18 ára. Til aðalfundar deilda skal boða með viku fyrirvara með auglýsingu í staðarblöðum, viðurkenndum auglýsingastöðum og heimasíðu félagsins. Er hann löglegur sé löglega til hans boðað. Stjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu, ársreikninga og fjárhagsáætlun.

Á aðalfundi deilda ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála. Kosning deildarstjórna skal vera skrifleg, ef þurfa þykir. Ef atkvæði eru jöfn skal kosið bundinni kosningu og fáist enn ekki úrslit skal hlutkesti ráða.

## Skýrsla formanns Ársins 2011

Starf blakdeildar Hamars var óvenjuflegt á árinu og verkefni sömuleiðis. Helst ber að geta þess að æfingar fóru fram á sömu tímum og undanfarin ár, þ.e. tvisvar í viku og kvannahópurinn sem byrjaði haustið 2010 hélt sínu striki og auðgaði flóru blakdeildar verulega á árinu.

Verkefni ársins voru, að venju, margvísleg. Karla og kvennalið tóku þátt í deildakeppni Íslandsmótsins þar sem karlar léku í 2. deild, enduðu í 3. sæti af 7 liðum með sama stigafjölda og Hrunamenn en ein hrina sem tapaðist í Grundarfirði gerði það að verkum að liðið missti af sæti í úrslitakeppninni á lokaspretti. Kvennaliðið tók þátt í 3. deild Íslandsmótsins og endaði í 6 sæti síns riðils af 7 liðum og hefur árangnur liðsins oft verið betri en það.

HSK mót voru með hefðbundnu sniði þar sem kvennaliðið sigraði mótið í 13 skipti en karlaliðið endaði í öðru sæti á móti höfðuðandstæðingunum, Hrunamönnum. Á hraðmóti HSK báru Hamars karlar hins vegar sigur úr býtum eins og kvennalið Hamars endaði í 3. sæti.

Öldungamótið í blaki var að þessu sinni haldið í Vestmannaeyjum þar sem þjálfari okkar, Jón Ólafur Valdimarsson, var öldungur mótsins á vegum Þróttar Reykjavík (enda gamall Þróttari þar á ferð). Karlaliðið lék í 1. deild og hélt karlaliðið sæti sínu í deildinni og endaði í 6. sæti af 7 liðum. Þess ber að geta að leikið er í 5 deildum og telst árangurinn því góður. A-kvennaliðið leikur í 3. deild og endaði í 4. sæti. En leikið er í 12 deildum kvenna. Árangur A-kvennaliðsins telst því einnig góður. Nýliðar í B-kvennaliði Hamars sem vel flestar skelltu sér á sitt fyrsta öldungamót léku í 11. deild, enduðu í 5. sæti og héldu sæti sínu í deildinni. Telst sá árangur framúrskarandi. Óvenju glatt var á hjalla liðanna í Eyjum þessa daga og skemmtu þátttakendur sér konunglega eins og venja er. Greinilegt var að tilkoma nýrra blakmeðlima eykur fjör og gleði við þátttöku í mótinu, sem þó var ærin fyrir.

Kjörís mót blakdeildar var haldið í lðu á Selfossi þann 16. apríl og mættu 31 lið til leiks. Þannig að mótið hefur stimplað sig rækilega inn sem eitt vinsælasta trimm-blakmót landsins. Að venju voru veitt blómaverðlaun fyrir fyrstu 2 sæti í hverri deild og allir þátttakendur fengu ís að keppni lokinni.

Ýmis önnur mót voru heimsótt svo sem Bresa og Fylkismót og karlar skelltu sér að venju á KA-mót á Akureyri.

Árinu lauk svo að venju með Daddamóti sem haldið var milli jóla og nýárs, en það mót er haldið til heiðurs Kjartani Busk og Gunhild konu hans. Mótið tókst í alla staði vel og er fyrir löngu orðinn órjúfanlegur þáttur í jólahaldi blakara í Hveragerði.

Í haust var Jón Ólafur endurráðinn þjálfari og þjálfar nú öll lið karla og kvenna og eins og áður leikur karlaliðið í 2 deild og A-lið kvenna í 3 deild Íslandsmótsins á þessu tímabili.

Hefðbundin skylduverk fóru fram eins og að halda bollukaffi og jólagleði. Lokahóf blakdeildar var að þessu sinni haldið í á Selfossi hjá Hermanni blakmanni og Örnun konu hans og er þeim þökk að það heimboð sem og öðrum sem hafa verið svo elskulegir að opna hús sín fyrir blakfélögum í deildinni okkar.

Blakdeildin hóf á seinasta ári undirbúning við gerð strandblakvallar í Hveragerði. Sótt hefur verið um svæði við hlið sundlaugarinnar fyrir 2 velli og er það verkefni í vinnslu hjá bæjaryfirvöldum. Er það von okkar að unnt verði að vígja völlinn í byrjun sumars.

Að lokum er gaman er að geta þess að Hvergerðingurinn, Hafsteinn Valdimarsson, sem steig sín fyrstu skref á blakvöllinum með Hamri, var valinn blakmaður ársins 2011, hjá Blaksambandi Íslands. Hafsteinn leikur nú ásamt Kristjáni tvíburabróður sínum með félagsliði sínu, Marienlyst í Odense í Danmörku. Ásamt því sem þeir leika báðir með landsliði Ísland í blaki.

Stjórn blakdeildar hafa skipað: Valdimar formaður, Hugrún gjaldkeri, Kent, Bryndís og Raket meðstjórnendur. Stjórn blakdeildar þakkar iðkenndum og öllum velunnurum deildarinnar gott samstarf á liðnu ári.

Valdimar Hafsteinsson, formaður blakdeildar Hamars



## Blakmaður ársins hefur verið valinn, Hugrún Ólafsdóttir.

Hún er 40 ára gömul, ólst upp í Þorlákshöfn, en eftir að Hugrún settist að í Hveragerði hóf hún að stunda blak og hefur spilað með kvennaliði Hamars í fjölda ára. Á íþróttasviðinu er Hugrún væntanlega þekktari fyrir afrek sín í sundlauginni á árum áður, en þar setti hún ófá Íslandsmetinn. Til dæmis er tiltölulega nýbúið að slá seinasta Íslandmet hennar sem hvað lengst stóð.

Hugrún hefur verið einn helsti máttarstólpi blakliðs Hamars og stundað íþrótt sína vel. Hún er þekkt fyrir sín hörðu smöss, þegar svo ber undir og lætur liðsfélaga sína vel í sér heyra, þegar gera má enn betur. Hugrún er diagonal-smassari, hún stundar æfinga sínar vel og drífur félag sína áfram. Hugrún er ákaflega samvirkusöm og metnaðargjörn fyrir sjálfa sig og lið sitt nákvæm í öllum sínum aðgerðum. Það er því ekki furða að hún hefur valist til trúnaðarstarfa fyrir deildina og hefur verið gjaldkeri hennar mörg undanfarin ár.

Blakdeild Hamars óskar Hugrónu til hamingju með titilinn.

# Fundargerð

**Aðalfundur blakdeildar Hamars, 9. feb. 2012, kl. 20.00**

**Fundarstaður: Skrifstofa íþróttafélagsins í íþróttahúsinu.**

**Mættir: 9 manns**

## **Efni:**

Formaður setur fund og er stungið upp á honum sjálfum, Valdimar Hafsteinssyni, sem fundarstjóra og fundarritara. Samþykkt samhljóða.

Formaður flutti skýrslu stjórnar og var hún samþykkt samhljóða.

Gjaldkeri, Hugrún Ólafsdóttir, lagði fram endurskoðaða reikninga deildarinnar. Tekjur voru um 1.050 þús. Tap var um 50 þús. Reikningar samþykktir samhljóða.

Eftirtalin voru kosin í stjórn: Valdimar Hafsteinsson, Hugrún Ólafsdóttir, Kent Lauridsen, Harpa Dóra Guðmundsdóttir og Raket Guðmundsdóttir. Bryndís Sigurðardóttir gekk úr stjórn og er henni þökkuð samstarfið á liðnu ári.

Ýmis önnur mál voru rædd:

- Tilvonandi öldungamót á Tröllaskaga.
- Kjörís mót sem áætlað er að halda 21. apríl.
- Strandblakvöllur sem er í undirbúningi í bæjarfélaginu.
- Einnig rætt um að skipa nýjan fulltrúa í HSK nefnd en Bryndís Sig. hefur óskað eftir að hætta.